

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Hrauns vestur – Gjótur, Hjallahraun 2, 4 og 4a.*

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 1. febrúar 2023 breytingu á deiliskipulagi Hrauns vestur, Gjótur, vegna Hjallahrauns 2, 4 og 4a. Í breytingunni felst m.a. sameining lóðanna í eina og tilfærsla á byggingarreit. Tillaga að deiliskipulagsbreytingunni var grenndarkynnt frá 10. nóvember til 12. desember 2022. Athugasemd barst. Málsmeðferð breytingarinnar var samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*Hafnarfirði, 14. febrúar 2023.*

F.h. skipulagsfulltrúa,

**Guðrún Guðmundsdóttir.**

---

B-deild – Útgáfudagur: 28. febrúar 2023